

ins. Stjórnin skal halda gerðabók, sem í séu færðir árlegir reikningar þess, stutt en greinileg skýrsla yfir umbætur þær, sem verðlaun hljóta, svo og ættfærsla þeirra manna, ef þeir eru okkar niðjar. Ennfremur ættfærsla þess manns af niðjum okkar, sem stjórnina skipar í hvert sinn. — Þegar hver bók er útrituð, sendist hún landskjalasafninu til geymslu. 49
6. maí

8. gr.

Reikningsár legatsins er almanaksárið. Skulu meðstjórnendurnir endurskoða reikninginn árlega og rita á hann viðurkenningu sína. Að því búnu sendist hann valdsmanni sýslunnar, sem enn lætur endurskoða hann og úrskurða, og leggur hann síðan við skjalasafn sýslunnar.

9. gr.

Af vöxtum legatsins greiðist kostnaður við bækur og ritföng, er það þarfnast. Sömuleiðis þóknun til reikningshaldara, sem valdsmaður tiltekur. Og sér hann um að þessari skipulagsskrá sé ávallt hlýtt.

10. gr.

Leita skal konungs staðfestingar á þessari skipulagsskrá.

Guðm. Guðmundsson. Guðný Loftsdóttir.

SAMÞYKKT

um

síldarveiði með hrepínótum á fjörðum inn úr Húnaflóa.

1. gr.

Innan beinnar línu er hugsast dregin frá Bjarnarnestöngum í Hnappasker í Hrútafirði, er öllum óheimil síldarveiði með herpinót á hvaða tíma sem er.

2. gr.

Hreppsstjórunum í þeim hreppum, sem liggja að samþykktar-svæðinu er sérstaklega falin umsjón með, að samþykkt þessari sé hlýtt, og skulu þeir fá endurgjald fyrir útlagðan kostnað, vinnutap, bátsleigu og annað, er af eftirliti þessu kann að leiða, eftir reikningi úrskurðuðum af oddvita sýslunefndar, ef ágreiningur verður. Kostnaður þessi greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, er hlutaðeigandi hreppsstjóri á heima í.

50

15. maí

50

3. gr.

15. maí

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 500 kr., og skal helmingur þeirra falla til uppljóstrarmanns, en helmingur í sveitarsjóð, þar sem uppljóstrarmaður dvelur, er hann verður áskynja um brotið. Sé uppljóstrarmaður fenginn til eftirlits gegn sérstakri borgun samkvæmt 2. gr., skulu allar sektirnar falla í sveitarsjóð þess hrepps, er eftirlitið kostar.

4. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal fara sem almenn lög-reglumál.

Samþykkt þessi, sem er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 85.

14. nóvember 1917, staðfestist hérmeð til að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. maí 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

51

16. maí

ERINDISBRÉF

fyrir

endurskoðendur Landsbanka Íslands.

Samkvæmt 41. gr. laga nr. 10, 1928 um Landsbanka Íslands eru eftirfarandi reglur settar fyrir endurskoðendur bankans:

1. gr.

Endurskoðendurnir skulu rannsaka reikning seðlabankans og reikninga hinna annara deilda bankans og bera saman við bækurnar og við sjóð bankans og eignir. Sjálfar bækurnar og færslu á þeim skulu þeir einnig rannsaka, svo að þeir séu þess fullvissir, að bókhaldið sýni rétta mynd af því, sem fram hefir farið.

Ef þeir verða þess varir, að vanræksla eigi sér stað í einhverju, eða að nauðsynlegar endurbætur þurfi að gera, eiga þeir að benda bankaráðinu á það, og gera uppástungur um endurbæturnar.